

## REGLUGERÐ

### um lista yfir störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar í skilningi laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

#### 1. gr.

##### Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar sem tímabundinn skortur er á hér landi og falla undir 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, sbr. lista yfir störf í viðauka.

#### 2. gr.

##### Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að afmarka þau störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar sem tímabundinn skortur er á hér á landi og falla undir 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga í samræmi við stefnu stjórnvalda og þarfir atvinnulífsins hverju sinni.

#### 3. gr.

##### Listi yfir störf.

Með störfum sem krefjast sérhæfðrar þekkingar sem tímabundinn skortur er á hér á landi er ekki átt við önnur störf en þau sem eru sérstaklega tilgreind í viðauka og falla jafnframt undir starf flokkun ÍSTARF21.

#### 4. gr.

##### Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, öðlast þegar gildi.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 3. júlí 2023.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Bjarnheiður Gautadóttir.

#### VIÐAUKI

### Listi yfir störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar sem tímabundinn skortur er á hér á landi og falla undir starf flokkun ÍSTARF21.

Númer starf flokks	Heiti starf flokks
1223	Störf stjórnenda í rannsóknum og þróun.
1330	Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni.
1411	Störf stjórnenda í hótélrekstri.
2166	Sérfræðistörf í grafískri hönnun og margmiðlunarhönnun.
2433	Sérfræðistörf við sölu á lyfjum, tækjum og tæknibúnaði.
2434	Sérfræðistörf við sölu á upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði.
2511	Sérfræðistörf við greiningar á tölvukerfum.
2512	Sérfræðistörf við hugbúnaðarþróun.
2513	Sérfræðistörf við vef- og margmiðlun.
2514	Sérfræðistörf við forritun.
2519	Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði ót.a.s.
2521	Sérfræðistörf við hönnun og umsjón gagnagrunna.
2522	Sérfræðistörf við kerfisstjórn.
2523	Sérfræðistörf við netkerfi.

<b>Númer starflokks</b>	<b>Heiti starflokks</b>
2529	Sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi ót.a.s.
3111	Tæknistörf í efna- og eðlisfræði.
3119	Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði.
3211	Tæknistörf við sjúkdómsgreininga- og lækningatæki.
3212	Tækni- og rannsóknarstörf í lífeindafræði.
3213	Störf við lyfjatækni.
3142	Tæknistörf í landbúnaði.
3511	Tæknistörf við kerfisstjórn.
3512	Tæknistörf við notendapjónustu í upplýsinga- og fjarskiptatækni.
3513	Tæknistörf við netkerfi.
3514	Störf við veftækni.
3521	Tæknistörf við upptökur og útsendingar.

---

B-deild – Útgáfudagur: 4. júlí 2023